

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna lóðarinnar Stálhelli 18.

Í samræmi við skipulagslög samþykktí afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 27. maí 2026 í samræmi við heimildir til embættismannaafgreiðslu, að málsmeðferð breytingarinnar fari skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fallið var frá grenndarkynningu þar sem sýnt var að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðarinnar Stálhelli 18 er 0,5 fyrir hús á einni hæð og allt að 0,6 fyrir hús á tveimur hæðum. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. maí 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B deild - Útgáfudagur: 12. júní 2026